


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 1 af 2	Landfræði LAN103 fjarnám	Kennsluáætlun haustönn 2014

Kennari: Kristján Tryggvason kristjan@vma.is KTR

Fjarkennslunni og fjarnáminu er þannig háttað að í hverri viku fær fjarnemi (þú) leiðbeininga- og upplýsingabréf og skilaverkefni send í tölvupósti. Spurningunum í skilaverkefnunum skal svarað fyrir neðan hverja spurningu og verkefnið svo sent til sendanda/mín. Inni í MOODLE finnast síðan ýmsar upplýsingar um áfangann, m.a. glærur, lokapróf/prófsýni og gagnvirkt próf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf	80%
Frammistaða á önn	12 skilaverkefni og staðfræðiverkefni. 10 bestu skilin gilda til einkunnar.	20%
Annað	Til þess að ná áfanganum þarf nemandi að ná vissu lágmarki í staðfræði, þ.e. vera með 10 atriði rétt af 44 á lokaprófi.	

Að öðru leyti er yfirferð og markmið í samræmi við kennsluáætlun dagskólans:

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er fjallað um landfræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Lögð er áhersla á kortalestur og að efla staðfræði þekkingu nemandans þar sem markmiðið er að vita m.a. hvar öll ríki heims eru og þekkja um 250 helstu staði á Íslandi. Fjallað er um lofthjúpin, ræktarlandið og um nýtingu mannsins á auðlindum jarðar og vandamálum sem því fylgja og helstu úrlausnarleiðir. Fjallað er um sambandið milli þróunarríkja og iðnríkja, mælikvarðar á þróun kynntir og skoðað af hverju fátæku ríkin eiga svo erfitt með að brjótast úr viðjum fátæktar. Einnig er fjallað um iðnað, heimsviðskipti og borgir heims. Nemendur fá að spreyta sig á því að afla upplýsinga um einstök ríki á netinu sem og í bókum og kynna fyrir bekknum í máli og myndum.

Markmið:

- Þekki staðsetningu flestra landa heimsins á landakorti auk útvaldra staða á Íslandi.
- Þekki mismunandi tegundir korta og kortvarpana, m.a. kosti þeirra og galla, viti mun á staðfræðikorti og þemakorti og geti nýtt sér kort til þekkingaröflunar.
- Þjálfist í að reikna út mælikvarða. Þekki þróun borga, skipulag og sögu
- Þekki bauganet jarðar, helstu hugtök því tengdu og kunni að finna út staðsetningar.
- Þekki helstu hugtök í landnýtingu, skipulagi og hvernig málum er háttað á Íslandi.
- Þekki helstu auðlindir á Íslandi, hvernig nýtingu á þeim er háttað og hvernig þær tengjast búsetumynstri landsins.
- Þekki dreifingu, vöxt og hreyfingu fólksfjölda.
- Viti hvernig heimurinn skiptist og hvað einkennir iðnríki og þróunarlönd.
- Þekki helstu greinar atvinnulífsins, viðskiptasamninga og bandalög og hvað ræður staðarvali iðnfyrirtækja.
- Kunni og geti skilgreint helstu hugtök lýðfræðinnar, t.d. fæðingartíðni, dánartíðni og lífslíkur.
- Þekki loftslag, veður og gróðurfar jarðarinnar, t.d. gróður- og loftslagsbelti, jarðveg og jarðvegseyðingu.

Námsgögn: Landfræði, maðurinn – auðlindirnar – umhverfið. Þýdd af Jónasi Helgasyni. Mál og menning (Edda útgáfa) 2005, 2. útgáfa eða yngri. Kortabók (1996 eða yngri).

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
36-38	<p>1. Landafræði - allt um heiminn (8 - 31) M.a. um auðlinda-nýtingu, hringrásir og sjálfbæra þróun. Kjarnasvæði – jaðarsvæði. Kort: bauganet, kortavarpanir, hæðarlínur. Heimsmyndin í tímans rás. Íslandskort og kortasaga.</p> <p>2. Jörðin – reikistjarnan okkar (32 - 39). Ýmis lykiltríði fyrir tilvist lífs á jörðinni. Árstíðirnar og möndulhallinn. Tímabeltin og tímamunur.</p>	<p>Skilaverkefni úr köflum 1 og 2</p> <p>Staðfræðiverkefni – heimurinn</p>
39	<p>3. Mannkynið og búsetan (40 - 68). Tengsl ýmissa lífsskilyrða og þéttbýlis. Fólksfjöldapróun í heiminum og hvernig hún er tengd m.a. velmegun og menntun. Hugtök í lýðfræði kynnt: mannfjöldapíramídar, frjósemisstuðull, náttúruleg fólksfjölgun. Fólksflutningar, þjóðir og landamæri. Íbúar landsins okkar.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 3</p> <p>Staðfræðiverkefni – Ísland</p>
	<p>4. Jarðskorpan (69 – 123) Við sleppum þessum kafla nema bls.104 varðandi myndun lössjarðvegs og bls. 115 – 117 um mismunandi gerðir jarðvegs.</p>	
40 - 42	<p>5. Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind (124 - 159). Við sleppum þessum kafla nema bls. 130-131 sem koma inn á tvö meginvandamál mannkyns, þ.e. flóð og jarðvegseyðingu. Einnig bls. 138 sem kemur inn á endurbætta nýtingu vatnsins.</p> <p>6. Veður, loftslag og gróðurfar. (160 – 201) Fellibyljir, loftljúpur jarðar, vindakerfin, hiti, úrkoma, úrkomutegundir, loftslagsbelti. El Ninjó, hitahvörf, loftslagsbreytingar. Gróðurbelti jarðar. Gróður og jarðvegur á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 6</p> <p>MOODLE æfing</p> <p>Skilaverkefni 6, tvöfalt verkefni með staðfræðiprófi</p>
43-44	<p>7. Lifað af landinu (202 - 231). Um jarðveginn, loftslagið og aðgengi vatns til ræktunar. Sjó greinar landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður.</p> <p>11. Ein jörð – margir heimar (312 - 337). Iðnríki - þróunarlönd. Grunnstoðir, þróunarkvarðar, einkenni, kröfur þróunarlandanna á iðnríkin. Frumkvöðlar. Íslensk þróunar-samvinna.</p>	<p>Skilaverkefni úr köflum 7 og 11</p>
45	<p>8. Iðnaður, viðskipti og samgöngur (232 - 265). Greinar atvinnulífsins, staðarval iðnaðar, alþjóðavæðing. Nauðsyn viðskipta, viðskiptasamningar og bandalög. Þróunarþríhyrningurinn. Val á flutningatækjum. Iðnaður og þjónusta á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 8</p>
46	<p>9. Borgir, borgarumhverfi og skipulag. (266 – 285) Borgvæðing og þéttbýlisstig. Borgir gegnum tíðina. Mism. gerðir borga. Upplönd borga. Þéttbýlismyndun á Íslandi.</p>	<p>Skilaverkefni úr k. 9</p>

ATH: Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils